

1949

Miðvikudaginn 4. desember 1991.

Nr. 40/1989.

**Guðmundur Rúnar Rúnarsson,
Kolbrún Fjöla Guðjónsdóttir og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Hreini Magnússyni og
Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og gagnsök.

Bifreiðar. Öroroka. Skaðabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1989. Þeir gera eftirfarandi kröfur:

„A. Gagnvart Hreini Magnússyni:

Aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndu verði sýknuð gegn greiðslu á kr. 1.180.734 með 17% ársvöxtum af kr. 880.734 frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí sama ár, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, með 9% ársvöxtum af kr. 1.180.734 frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara önnur lægri fjárhæð en í hinum áfrýjaða dómi með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

B. Gagnvart Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur:

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.“

Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 13. febrúar 1989 og gera svofelldar dómkröfur:

„I. Kröfur Hreins Magnússonar:

1. Aðallega, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða umbj.m. skaðabætur að fjárhæð kr. 6.033.287,- með 17% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. september 1989, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

2. Til vara, að dæmd verði önnu lægri fjárhæð að mati réttarins, þó hærri en dæmd var í héraði, með sömu vöxtum og tilgreindir eru skv. 1. tl. í kröfugerð þessari.

3. Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, með þeirri breytingu þó, að frá 1. september 1988 verði dæmdir hæstu dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. september 1989, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

4. Að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða umbj.m.

málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í öllum tilvikum að mati réttarins.

II. Kröfur Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur:

1. Að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða umbj.m. kr. 1.500.000,- með 19% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. febrúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% mán. dráttarvöxtum frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum skv. 10. gr. og 11. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til 1. júní s.á., með 32,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, jafnframt, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 18. janúar 1986, og myndi þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

2. Að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða umbj.m. málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins.“

Bifreið aðaláfrýjanda Kolbrúnar Fjólu Guðjónsdóttur, Y-8582, var á þeim tíma, er slysið varð, tryggt við lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., en það félag hefur sameinast Almennum tryggingum hf. í Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem hefur tekið við aðild málsins.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Sveins Más Gunnars-

1952

sonar lækni, dagsett 26. nóvember 1991. Enn fremur hefur verið lagður fram nýr örorkuútreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dagsettur 27. nóvember 1991.

I.

Í vottorði Bjarna Hannessonar yfirlækni 2. apríl 1985 segir á þessa leið um meiðsli Hreins Magnússonar:

„Við komu á slysadeild er sjúklingur djúpt meðvitundarlaus. Sjúklingur andaði illa þannig að bæta þurfti loftveg með því að setja slöngu niður í barka sjúklings. Tennur voru brotnar og vitin voru full af blóði. ... Rtg-myndir af höfði og hálsliðum voru eðli-
legar. Sjúklingur var síðan settur í öndunarvél og fluttur á gjörgæsludeild. Næsta dag var sjúkl. síðan tekinn úr öndunarvél og hann komst til meðvitundar og hann útskrifast af gjörgæsludeild þann 31.10.'84. Ástand sjúklings fór síðan smábatnandi og hann fór að tjá sig, en var mjög ruglaður og illa áttaður (sic), en sjúklingur átti mjög erfitt með gang vegna óstöðugleika og fyrrnefndra lamana (sic). Hann fluttist síðan á endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg þann 19.11.'84. Sjúklingur útskrifast þaðan 08.03.'85. Við brottför þaðan kom í ljós að sjúklingur hafði náð sér vel líkamlega en taugasálfræðilegt mat sýndi að sjúklingur var skertur andlega. Sjónsviðsmæling leiddi í ljós að sjúkl. var með skert sjónsvið til vi. Við útskrift var sjúkl. að sögn kunnugra mun hægari í hreyfingu og reikull í spori en hafði þó fulla fótavist. Hann átti erfitt með lestur vegna skerðingar á sjónsviði. Minni var lélegt einkum skammtímaminni, hann var illa áttaður (sic) á stað og stund en var þó farinn að rata innanhúss og milli kunnugra staða svo sem heimilis og vinnustaðar. Sjúklingur hafði ekki innsýn inn í sín veikindi. Áverkar sjúklings voru því 1) heilamar (cerebral contusion) með áðurnefndum andlegum einkennum og sjónsviðsskerðingu og skertri hreyfigetu 2) skurðir á höfði og andliti og mar á brjósthól og hæ. síðu.“

Í vottorði Guðnýjar Daníelsdóttur, sérfræðings í endurhæfingalækningum, 12. mars 1985 segir m.a. svo:

„SAMANTEKT: Hreinn hefur verið í iðjubjálfun daglega (2-4x á dag) sl. 4 mánuði. Líkamlega hefur Hreinn náð sér að mestu leyti, utan að hreyfingar hans eru allar mun hægari. Einnig hefur hann

verulega sjónsviðsskerðingu. Enn er ábótavant ýmsu sem varðar andlegt ástand hans s.s. minni, áttun, skipulagning, framkvæmda-færni, andlegt úthald og raunsæi.“

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur framkvæmdi sálfræðilega rann-sókn á Hreini Magnússyni. Í greinargerð hans 16. ágúst 1985 segir m.a.:

„Niðurstöður:

Hreinn Magnússon reyndist við athugun vera verulega greindar-skertur, og bar skerðingin þess öll merki að stafa af vefrænum trufl-unum á miðtaugakerfi. Greindarvísitala mældist 65 og má ætla að hún hafi fallið frá meðalgreind 90 niður á vanvitastig. Skerðing er mest áberandi á minni og er það mikil að hún hefur áhrif á alla aðra greindarþætti. Einnig komu fram truflanir á skynjun, sem einkum birtast sem skortur á hæfileika til að ná samhengi og öðlast yfirsýn. Erfitt er að spá hve mikilla framfara má vænta, en miðað við hve skerðingin er mikil og almenn og hefur haft í för með sér persónuleikabreytingar, virðast mér horfur vera fremur slæmar.“

Hinn 7. september 1985 mat Björn Öundurson læknir örorku Hreins Magnússonar af völdum umrædds slyss. Í örorkumatinu segir m.a.:

„Svo sem að framan greinir varð slasaði fyrir gífurlegum höfuð-áverka í nefndu slysi. Hann var meðvitundarlaus í um tvær vikur, en lamanir (sic), sem hann hafði orðið fyrir, hafa nú gengið til baka (sic) að mestu leyti. Þannig virðist sem líkamlegur styrkur sé nokkuð sæmilegur hjá slasaða og ekki að efa að hann á eftir að ná því sem á hann vantar fullkomlega á komandi tíð.

Hin andlega skerðing, sem slasaði hefur orðið fyrir, er svo mikil, að hann er nú talinn á vanvitastigi. Áður er talið að þessi maður hafi verið sæmilega gefinn, eða að minnsta kosti ekki langt neðan meðallags.

Bæði nær- og fjarminni er nú verulega skert. Illmögulegt er að halda uppi samræðum við slasaða, þar sem hann heldur ekki þræði og virðist ekki hafa minni til atburða, sem nýlega hafa skeð hvað þá þeirra atburða sem eldri eru í tímanum. Þá telja aðstandendur að slasaði sé mjög ör í skapi og hafi þannig orðið fyrir verulegum skapgerðarbreytingum, þar sem þessi maður var áður lokaður og

fáskiptinn. Þá hefur slasaði orðið fyrir verulegri sjónsviðsskerðingu til vinstri og er ekki líklegt að sú sjónsviðsskerðing gangi til baka. Það eitt mun valda honum miklum erfiðleikum, t.d. ef hugsanlegt yrði að hann gæti ekið bíl síðar meir mundi sú sjónsviðsskerðing sem þarna er um að ræða trúlega útiloka hann frá því þó að aðrir þættir sem til öikumenskunnar þarf væru nægilega góðir. Þannig hefur slasaði orðið fyrir geysilegum vefrænum miðtaugakerfisskaða sem veldur mikilli greindarskerðingu og það svo að greindarvísitala sýnir aðeins 65 Q, sem bendir til þess að greind sé nú aðeins á vanvitastigi. Skerðingin samkvæmt sálfræðiprófi Gylfa Ásmundssonar sálfræðings er mest áberandi hvað minni varðar og er það mikil að hún hefur áhrif á alla aðra greindarþætti slasaða. Þá koma fram truflanir á skynjun, sem einkum birtast sem skortur á hæfileika til að ná samhengi og öðlast yfirsýn. Enn skal nefnt, að slasaði virðist eiga í erfiðleikum með að velja rétt orð yfir þær hugsanir, sem hann vill tjá sig um.

Ávallt er erfitt að meta örorku eftir mikinn skaða á miðtaugakerfi. Hér virðist þó raunar svo mikill skaði hafa skeð, að greind sýnist nú vera aðeins á vanvitastigi (65 Q), þannig að lítil von virðist vera til þess að einkenni gangi að nokkru marki til baka. Vafalaust má telja, að þessi maður verði ófær til allra starfa hér eftir, meiri spurning er hvort hann verði fær um að sinna athöfnum daglegs lífs. Hugsanlegt er, að með þjálfun, bæði líkamlegri og andlegri, mætti stuðla að því að slasaði næði þeim þroska að hann gæti sinnt athöfnum daglegs lífs, en naumast verður um meiri framför að ræða.

Þannig er um að ræða tæplega 29 ára gamlan verkamann, sem í nefndu slysi hefur orðið fyrir gífurlegum skaða á miðtaugakerfi sínu. Greind er nú á vanvitastigi og ekki líklegt að úr því rætist. Þannig verður að telja, að þessi maður muni aldrei verða vinnufær að nýju, en hugsanlega fær um að sinna athöfnum daglegs lífs.

Þó að ekki sé lengra frá liðið að áður nefnt slys átti sér stað þykir nú ekki ástæða til að draga örorkumat öllu lengur og þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin, sem hér segir:

Frá slysdagi talið í átta mánuði.....	100%
Varanleg	75%.

Í fyrrnefndu vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknið frá 26. nóvember sl. segir:

„... Hreinn var á Reykjalundi í viðamikilli þjálfun og vinnu-
prófun þar sem kom í ljós að hann vissi hvernig gera átti verkin
en átti mjög erfitt með að koma því í framkvæmd, skipulagningu
allri var mjög ábótavant svo og frumkvæði, framkvæmd og færni.
Einnig truflaði alla vinnu með Hrein, hversu óraunsær hann var
á eigin getu.

Að lokinni endurhæfingu á Reykjalundi var Hreinn síðan útskrif-
aður og stóð þá til að hann mundi reyna sig aftur við sömu vinnu
og hann hafði áður haft, tiltölulega einföld „rútinuvinna“ við að
skipta um púströr á bílum en það mun hafa komið mjög fljótt í
ljós að þetta gekk alls ekki upp og hann réð ekki við vinnuna.
Þegar þetta síðan ekki gekk þá varð ekki meira að gert. Hreinn
hafðist ekki að, leitaði sér ekki frekari hjálpar og dróst inn í
mynstur aðgerðarleysis ...

Ég sá Hrein á nýjan leik í september '90, þá kom hann til við-
ræðna út af örorku. Það var þá ljóst að Hreinn lifði dauflegu og
ömurlegu lífi, var mest inni við, hafði lítil samskipti við annað fólk,
og ofan á allt annað þá hafði hann einnig síðustu árin verið nokkuð
slæmur í mjóbaki. ...

Við athuganir virðist bæði minni, abstrakthugsun og skipulag
vera minnkað á mjög svipaðan hátt og reyndist vera árið 1986.
Hreinn á erfitt með allt frumkvæði og á mjög erfitt með að eiga
við vandamál sem upp koma og erfitt með að skipuleggja viðbrögð
við þeim. Í framhaldinu er ætlunin að Hreinn verði á Reykjalundi
um nokkurn tíma og reynt verði nú að endurhæfa hann með tilliti
til þess að hann gæti mögulega komist til einhverrar vinnu á vernd-
uðum vinnustað eða hvort á einhvern annan máta væri hægt að
brjóta upp hið ömurlega líf sem Hreinn hefur lifað nú mörg undan-
farin ár. ...

Svo langt er nú liðið frá slysinu að hér má fyrir löngu telja að
um varanlegt ástand sé að ræða og að þau vandamál sem hér hefur
verið lýst og sem eru orsökun af þeim heilaskaða sem Hreinn varð
fyrir við slysið munu hafa áhrif á líf hans um alla framtíð.“

II.

Í örorkuútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, sem
dagsettur er 29. ágúst 1988 og lagður var fram í héraði, er tekjuáætlun

annars vegar byggð á launum Hreins Magnússonar 1981-1983 og hins vegar á launum hans 1981-1984, en á þessu tímabili voru laun Hreins hæst 1984, en lægst 1983. Miðað við þennan tekjugrundvöll og tekjutap í samræmi við örorkumat nemur höfuðstóll tapaðra vinnutekna á slysdegi 4.743.863 krónum á grundvelli launa 1981-1983, ef reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum til útreikningsdags 29. ágúst 1988, en 5.201.507 krónum, ef reiknað er með einföldum vöxtum til sama tíma. Á grundvelli launa 1981-1984 eru hliðstæðar fjárhæðir 5.022.543 krónur og 5.506.748 krónur. Atvinnutjón vegna tímabundinnar örorku nemur 180.507 krónum miðað við laun 1981-1983, en 191.111 krónum miðað við laun 1981-1984.

Í nefndum örorkuútreikningi er einnig reiknað út verðmæti örorkulífeyris, sem Hreinn Magnússon nýtur hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir slysið, svo og óskertrar tekjutryggingar. Verðmæti örorkulífeyris nemur 1.020.018 krónum á slysdegi, ef reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum til útreikningsdags, en 1.120.379 krónum, sé reiknað með einföldum vöxtum á sama tímabili. Verðmæti óskertrar tekjutryggingar nemur 1.796.664 krónum miðað við fyrrnefndu vaxtaforsendurnar, en 1.975.246 krónum miðað við þær síðarnefndu.

Útreikningar þessir eru miðaðir við töflur um starfsorkulíkur, samræmdar dánarlíkum íslenskra karla 1976-1980. Frá slysdegi til útreikningsdags er reiknað með almennum innlánsvöxtum, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til frambúðar.

Hinn nýi örorkuútreikningur Guðjóns Hansens tryggingafræðings, sem fyrr var getið og lagður er fram af hálfu aðaláfrýjenda, er margþættari en sá, sem frá greinir hér að framan. Verðmæti höfuðstóls örorkutjóns miðað við laun 1981-1983 nemur samkvæmt hinum nýja útreikningi 7.183.478 krónum, en 7.605.484 krónum miðað við laun 1981-1984. Verðmæti örorkulífeyris nemur 1.416.265 krónum og verðmæti tekjutryggingar 2.588.357 krónum. Allir þessir þættir útreikningsins miðast við einfalda, almenna innlánsvexti frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vexti og vaxtavexti eftir þann tíma.

Í hinum nýja örorkuútreikningi kemur fram, að Hreinn Magnússon nýtur eftir slysið örorkulífeyris frá Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar. Er reiknað út verðmæti þess lífeyris og stuðst við upplýsingar frá lífeyrissjóðnum. Nemur það, miðað við greiðslur til 70

ára aldurs, 3.576.436 krónum á slysdegi. Reiknað er með einföldum, almennum innlánsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vöxtum og vaxtavöxtum eftir þann tíma. Í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins 15. nóvember 1988 greinir frá því, að lífeyrisgreiðslur, sem Hreinn fær frá lífeyrissjóðnum, skerði tekjutrygginguna, sem hann nýtur hjá stofnuninni. Ekki liggur fyrir útreikningur á því, hverju sú skerðing nemi í heild.

Að lokum er í hinum nýja örorkuútreikningi reiknað út verðmæti þeirra greiðslna á slysdegi, sem Hreinn Magnússon hefur fengið frá Sjóváttryggingafélagi Íslands hf. vegna slyssins. Nemur það 501.029 krónum.

III.

Krafa aðaláfrýjandans Hreins Magnússonar sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón og varanlega örorku samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens 29. ágúst 1988	kr. 5.697.859
2. Miskabætur	— 2.000.000

Til frádráttar:

Verðmæti greiðslna upp í tjónið	— 501.029
Laun og sjúkradagpeningar	— 43.164
Verðmæti örorkulífeyris	— 1.120.379

Um 1.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir tjón Hreins Magnússonar samkvæmt þessum kröfandi hæfilega metið 2.500.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til verðmætis bóta, sem hann nýtur frá Tryggingastofnun ríkisins, höfð hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, svo og lítið til verðmætis lífeyris, er hann fær úr lífeyrissjóði. Jafnframt hefur verið dregið frá verðmæti greiðslna frá Sjóváttryggingafélagi Íslands hf. á sínum tíma svo og laun og sjúkradagpeningar.

Um 2.

Með vísan til sjúkrasögu Hreins Magnússonar samkvæmt þeim gögnum, sem að framan eru rakin, og afleiðinga þeirra meiðsla,

sem hann varð fyrir í umræddu slysi, þykir tjón hans samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 800.000 krónur. Er þá tekið tillit til þess, að bæturnar bera vexti í rúm sjö ár, svo og til verðbóta-þáttar vaxta.

Krafa áfrýjandans Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur.

Krafist er bóta fyrir umönnun og miska. Hreinn Magnússon var 27 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi, og bjó þá á heimili móður sinnar. Hefur hann búið þar, eftir að sjúkrahússlegu og endurhæfingu á Grensásdeild Borgarspítala lauk, þegar liðið var á sjötta mánuð frá slysinu. Samkvæmt læknisgögnum var hann þá orðinn sæmilega á sig kominn líkamlega og sjálfbjarga. Eins og atvikum er háttað, eru ekki lagaskilyrði til þess að taka kröfu þessa til greina, og ber að sýkna aðaláfrýjendur af henni. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður í þessum þætti málsins.

IV.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt skaðabætur að fjárhæð 3.300.000 krónur (2.500.000 + 800.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir, þó svo, að krafa um vaxtavexti af dæmdum höfuðstól verður ekki tekin til greina, en hún kom fyrst fram við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 800.000 krónur. Er þar með talinn kostnaður við gagnaöflun. Hvorki er tekið tillit til söluskatts né virðisaukaskatts.

Það er aðfinnsluvert, að í héraðsdómi eru læknisfræðilegum gögnum og örorkuútreikningi lítt gerð skil.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Kolbrún Fjöla Guðjónsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjandans Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt 3.300.000 krónur með ársvöxtum eins og hér segir: 17%

1959

frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, 19% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 9,5% frá þeim degi til 1. mars 1987, 10% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 29. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjandanum Hreini Magnússyni óskipt 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað af Hreini Magnússyni, Yrsufelli 1, Reykjavík, nnr. 4374-4658, og Lilju Sigríði Guðlaugsdóttur, Yrsufelli 1, Reykjavík, nnr. 6098-9494, með stefnu, birtri 22. apríl 1986, og framhaldsstefnu, þingfestri 19. júní 1987, á hendur Guðmundi Rúnari Rúnarssyni, Öldugötu 54, Reykjavík, nnr. 3100-1153, Kolbrúnu Fjólu Guðjónsdóttur, Reynigrund 29, Kópavogi, nnr. 5658-3564, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.

Endanlegar dómkröfur stefnandans Hreins eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 7.148.352 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Endanlegar dómkröfur stefnandans Lilju Sigríðar eru þær, að stefndu verði gert að greiða sér in solidum 1.500.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

1960

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda gegn greiðslu á 1.071.763 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnenda:

Málsatvik kveða stefnendur vera þau, að stefnandinn Hreinn hafi verið gangandi vegfarandi á Kringlumýrarbraut gegnt Bólstaðarhlíð 20. október 1984, er bifreiðinni Y-8582 var ekið á hann. Eigandi ökutækisins hafi verið stefnda, Kolbrún Fjöla Guðlaugsdóttir, en ökumaður stefndi, Guðmundur Rúnar Rúnarsson. Bifreiðin hafi verið í ábyrgðartryggingu Sjóvátryggingafélags Íslands hf. Stefnandi hafi orðið fyrir miklum áverkum, einkum höfuðáverkum. Hafi hann þegar eftir slysið verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og gert þar að meiðslum hans og hann vistaður um sinn. Eftir það hafi hann verið til meðferðar á Grensásdeild, endurhæfingardeild Borgarspítalans í Reykjavík, í um fjóra mánuði. Afleiðingar slyssins hafi verið hinar alvarlegustu, og segi í örorkumati, að varanleg (sic) örorka stefnanda sé frá slysdegi talið í sex mánuði 100%, en varanleg örorka 75%, og sé slík örorka á það háu stigi, að greind stefnanda sé nú á vanvitastigi.

Endanlegar dómkröfur stefnandans Hreins byggist á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings, dags. 29. ágúst 1988, og sundurliðist þannig:

a) Örorkutjón:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr.	191.111
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	“	5.506.748

b) Miskabótakrafa	kr.	2.000.000
Reikningur Bjarna Hannessonar læknis	“	440
Reikningur Björns Önundarsonar	“	5.530
Reikningur Tengsla sf.	“	10.000
Reikningur Guðjóns Hansens	“	6.715
Reikningur Guðjóns Hansens	“	4.400
Reikningur Guðjóns Hansens	“	4.950
Reikningur Guðjóns Hansens	“	12.858
Reikningur Sigrúnar Júlíusd.	“	15.600

Samtals kr. 7.758.352

Kröfur stefnandans Lilju Sigríðar:

Bætur fyrir umönnun og miska	kr.	1.500.000
------------------------------	-----	-----------

Frá kröfum stefnandans Hreins dragist innborganir Sjóvá, samtals 610.000 kr.

Málsástæður sínar kveða stefnendur vera þær, að stefnandinn Hreinn eigi ótvíræðan bótarétt í máli þessu, bæði vegna orkutaps, sem reiknað hafi verið út af tryggingastærðfræðingi og byggt á örorkumati trygginga-yfirlæknis, auk þess sem hann telji sig eiga rétt á miskabótum. Móðir stefnandans, Lilja Sigríður, sem hafi orðið að annast hann í löngu og erfiðu veikindastríði, telji sig eiga rétt á bótum fyrir umönnun sína svo og miskabótum.

Varðandi lagarök vísi stefnendur til 67. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga og meginreglna íslensks skaðabótaréttar. Stefnendur reisi málsókn sína á lögregluskýrslu, skýrslu um umferðarslys, enn fremur á örorkumati trygginga-yfirlæknis og örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings, enn fremur á fylgiskjölum, sem tengist máli þessu, svo sem reikningum.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða ekki vera ágreining um skaðabótaskyldu, heldur um fjárhæð tjóns. Í aprílmánuði 1986 hafi stefnanda Hreini verið gert sáttatilboð um greiðslu á 1.681.763 kr., sem fram kemur á dskj. nr. 16, en því hafi verið hafnað. Honum hafi hins vegar verið greitt upp í tjónið skv. kvittunum á dskj. nr. 17 - 21.

Kröfugerð stefnanda er allsendis mótmælt.

1) Stefnendur byggi á örorkumati eftir Björn Önunardarson lækni á dskj. nr. 5. Læknirinn telji stefnandann Hrein hafa verið 100% öryrkja frá slysdegi í átta mánuði, en síðan 75% öryrkja varanlega.

Af hálfu stefndu er fallist á örorkumatið sem rétt og enn fremur á örorkutjónsútreikninga á dskj. nr. 33, og ágreiningslaust er með aðilum, að beita eigi útreikningum með einföldum vöxtum, svo að ekki er ágreiningur með aðilum um niðurstöðutöluna á dskj. nr. 33, 5.697.859 kr.

2) Því er mótmælt af hálfu stefndu, að í líkindareikningum Guðjóns Hansens felist sönnun um tjón, þó að þvílíkir útreikningar séu hafðir til hliðsjónar við uppgjör bóta fyrir líkamstjón. Jafnan verði að hafa í huga, að um áætlun sé að ræða og annað ekki. Niðurstöðurnar séu hafðar til hliðsjónar til að komast að niðurstöðu um ætlað tjón. Því beri ekki aðeins að líta á ætlaðar tapaðar vinnutekjur, heldur beri einnig að líta til þess, sem stefnandinn fái í þeirra stað og útreikningar nái til, þ.e. verðmætis örorkulífeyris og tekjutryggingar, en ætlað verðmæti þessara greiðslna eigi að sjálfsgöðu að koma til frádráttar ætluðu verðmæti tapaðra tekna. Þannig hafi verið farið að í tilboði því, sem stefnandanum Hreini var gert. Miðað við áætlanir Guðjóns Hansens á dskj. nr. 33 sé verðmæti tapaðra tekna

ætlað	kr.	5.697.859
Frá sé dregið ætlað verðmæti örorkulífeyris	kr.	1.120.379
og ætlað verðmæti tekjutryggingar	kr.	1.975.246
Pá fáist brúttó áætlunartala	kr.	2.602.234.

Þessa fjárhæð beri að lækka vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis. Í stefnu beitti stefnandi 25% lækkun, en við munnlegan málflutning kvað hann u.þ.b. 40% vera nær lagi vegna staðgreiðslukerfis skatta. Þá hafi stefnandi fengið laun, 22.923 kr., og dagpeninga frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, 20.241 kr., sem hvort tveggja komi til frádráttar.

Þar sem talið hafi verið, að efni stæðu til hárrar greiðslu miskabóta, hafi verið boðnar 300.000 kr.

Miðað hafi verið við það, að greiðslur upp í tjónið kæmu til frádráttar þessari fjárhæð, og séu dómkröfur við það miðaðar. Eðlilegt sé, að greiðslur dragist frá höfuðstól, eftir því sem þær fóru fram, og að vextir verði reiknaðir í samræmi við það. Fjárhæð miskabóta hafi verið áætluð á verðlagi þess tíma, er tilboðið var gert, og séu því ekki efni til að leggja á þá fjárhæð vexti nema frá þingfestingartíma málsins.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu sérstaklega hækkun krafna, þar sem framangreindir útreikningar sýni, að skv. dskj. nr. 16 hafi stefndu boðið fram réttar greiðslur.

3) Miskabótakröfu stefnandans Hreins er andmælt sem allt of hári og haldið fast við, að miskabætur til hans hafi verið hæfilega metnar 300.000 kr. í framangreindu tilboði. Þá er þess krafist, komi til þess, að miskabætur verði ákveðnar á verðlagi þess tíma, er dómur gengur, að vextir verði ekki dæmdir af þeim nema frá dómsuppsögudegi.

4) Því er andmælt, að kostnaðarreikningar þeir, sem greinir í b-lið krafna stefnandans Hreins, verði teknir til greina nema sem hluti málskostnaðar, en þeim er ekki mótmælt tölulega né heldur greiðsluskyldu.

5) Kröfum stefnandans Lilju Sigríðar er eindregið mótmælt. Hún sé móðir stefnandans Hreins, og sé út af fyrir sig ekki dregið í efa, að hún hafi veitt honum umönnun. En til hvers eigi að bæta honum tekjumissi, ef hann eigi ekki síðan sjálfur að standa undir eigin framfærslu og umönnun? Virðist eðlilegt, að hún beindi þessum kröfum að syni sínum, enda væri tjónið tvíbætt að öðrum kosti. Þá sé þessi krafa engum gögnum studd. Sérstaklega sé því mótmælt, að þessi stefnandi eigi rétt til miskabóta.

6) Ágreiningur þessa máls sé umfram allt um það, hvort verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar eigi að koma til frádráttar við áætlun tjóns. Stefndu haldi því fram, að um þetta hafi myndast venja, og byggji á því. Jafnframt sé minnt á, að skaðabótum sé ætlað að gera tjónþola jafnsettan fjárhagslega og verið hefði, ef tjónsatvik hefði ekki orðið. Ef tjón-

poli fengi bætt verðmæti fjárhagstjóns, þar sem litið væri til tapaðra tekna einna án þess að líta til þess, sem í staðinn kæmi, yrði hann því betur settur fjárhagslega eftir en áður sem næmi verðmæti þeirra bóta, er í staðinn kæmu, þ.e. örorkulífeyris og tekjutryggingar.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda, og hélt hann því fram við munnlegan málf lutning, að vexti bæri að reikna út skv. dómi Hæstaréttar frá 1. júní 1988: Kjartan Ingimarsson o.fl. gegn Hjalta Þórarinssyni. Sérstaklega mótmælir stefndi kröfu um, að vextir leggist við höfuðstól á ársfresti. Í því sambandi bendir hann á, að við líkindareikninga þá, sem fyrir liggja, muni notaðir einfaldir vextir.

Við munnlegan málf lutning var lýst yfir því af hálfu stefnanda, að ágreiningslaust væri með aðilum, að grunnörorkulífeyri bæri að draga frá bótum, þannig, að hafa beri hliðsjón af þeim greiðslum við niðurstöðu dómsins, enda þótt stefnandi héldi fast við stefnufjárhæðina, sbr. 59. gr. 1. nr. 67/1971.

Þá kvað lögmaður stefndu við munnlegan málf lutning, að draga bæri lífeyrisbætur frá bótagreiðslum.

Lögmaður stefnanda mótmælti því og kvað það fráleitt, þar sem greiðslur úr lífeyrissjóði skertu tekjutryggingu, en jafnframt væri gerð krafa um skerðingu bóta vegna tekjutryggingar.

III.

Niðurstaða.

Dómkröfur stefnanda eru tvíþættar. Annars vegar er krafa stefnandans Hreins, en hins vegar krafa stefnandans Lilju Sigríðar. Verður fyrst fjallað um kröfu stefnandans Hreins.

Enginn ágreiningur er í máli þessu um bótaskyldu stefndu við þennan stefnanda. Þá eru aðilar sammála um, að við útreikning bóta skuli leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings á dskj. nr. 33, þar sem reiknað er með einföldum vöxtum, en verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku reiknast samtals 5.697.859 kr. Frá þeirri fjárhæð dragast innborganir stefnda, 610.000 kr. Þá er enn fremur ágreiningslaust, að grunnörorkulífeyrir stefnanda skuli koma til lækkunar bóta.

Enn fremur ber að kröfu stefndu samkvæmt áratugalangri dómvenju að lækka bætur vegna skattfrelsis þeirra og eingreiðsluhagræðis. Einn þáttur eingreiðsluhagræðisins er sá, að bæturnar skerða ekki framtíðartekjutryggingu bótaþega, eins og verða kynni, ef um jafnar mánaðarlegar greiðslur væri að ræða. Aðrir þættir hafa hins vegar áhrif á tekjutrygginguna til lækkunar, svo sem bætur stefnanda úr lífeyrissjóði. Þá myndu atvinnutekjur hafa áhrif á tekjutrygginguna til lækkunar eða niðurfalls.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins á dskj. nr. 37 nýtur stefnandi nú skertrar tekjutryggingar. Hvort eða að hve miklu leyti stefnandi mun njóta tekjutryggingar framvegis, er því ekki ljóst. Verður því ekki fallist á þá kröfu stefndu að skerða bætur stefnanda vegna tekjutryggingar frekar en gert er vegna eingreiðsluhagræðisins.

Við ákvörðun um lækkun vegna skattfrelsis bótanna ber að hafa í huga, að verulegur hluti bóta stefnanda hefði lent innan skattfrelsismarka.

Við munnlegan málflutning kom fram sú krafa af hálfu stefndu, að lækka bæri bætur til handa stefnanda vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Var þessari kröfu mótmælt af hálfu stefnda sem fráleitri.

Þegar bætur til tjónþola eru ákvarðaðar, ber að hafa í huga, að þeim er ætlað að gera hann fjárhagslega sem líkast settan því, að tjónið hefði ekki orðið. Þegar virt er, hvort greiðslur stefnanda úr lífeyrissjóði skuli hafa áhrif til lækkunar, verður ekki hjá því komist að líta jafnframt til þess þáttar, hver áhrif skerðing lífeyrisréttinda, sem stefnandi verður fyrir, þegar aflahæfi hans fellur niður, verða, svo að unnt verði að meta, hvort þessar greiðslur geri hann betur settan en ella hefði verið. Þar sem þessi krafa kom, eins og áður greinir, fyrst fram við munnlegan málflutning og engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um framtíðaráhrif þessa þáttar á tekjur stefnanda, og því ósannað, að þær geri stefnanda betur settan en ella hefði verið, þá er ekki fallist á lækkun bótagreiðslna til stefnanda af þessum sökum gegn andmælum stefnanda.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, þykja bætur til handa stefnanda Hreini samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar 3.100.000 kr.

Krafa þessa stefnanda um miskabætur er 2.000.000 kr., og er henni mótmælt sem of hárrí af hálfu stefndu.

Þegar virt eru meiðsl stefnanda og afleiðingar þeirra, þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákveðnar 700.000 kr., en við ákvörðun miskabóta er höfð hliðsjón af því, að vextir leggjast á þá fjárhæð frá slysdegi.

Ekki er ágreiningur um fjárhæðir eða greiðsluskyldu reikninga vegna útlagðs kostnaðar, sem stefnandi Hreinn krefur stefndu um. Hins vegar má fallast á það með stefndu, að kröfuliðir þessir falla undir málskostnað.

Vextir á bótagreiðslur til handa stefnanda ákvarðast eins og greinir í dómsorði, og er þá haft í huga, að vaxtakrafa stefnanda er óljós frá 1. september 1988.

Krafa stefnandans Lilju er 1.500.000 kr. bætur fyrir umönnun og miska.

Gegn andmælum stefndu þykir ekki unnt að taka kröfulið þennan til greina, enda standa lagarök ekki til þess að dæma þessum stefnanda miskabætur. Þá hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu stefndu gagnvart þessum stefnanda vegna umönnunar meðstefnanda.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu til að greiða stefnandan-

um Hreini málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 520.000 kr., og er þar með talinn útlagður kostnaður skv. kröfugerð stefnanda og söluskattur lögum samkvæmt.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Öldugötu 54, Reykjavík, Kolbrún Fjöla Guðjónsdóttir, Reynigrund 29, Kópavogi, og Sjóvátryggingafélag Íslands hf., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda Lilju Sigríðar Guðlaugsdóttur, Yrsufelli 1, Reykjavík.

Stefndu, Guðmundur Rúnar Rúnarsson, Kolbrún Fjöla Guðjónsdóttir og Sjóvátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum stefnanda Hreini Magnússyni, Yrsufelli 1, Reykjavík, 3.800.000 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 20. október 1984 til 1. janúar 1985, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní s.á., með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 520.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.